

FUNDARGERÐ

243. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 22. júní 2022 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir, Ingvar Smári Birgisson, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Þráinn Óskarsson sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Kristín Amalía Atladóttir kom inn á fundinn í fjarveru Marðar Áslaugarsonar. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 242. stjórnarfundar var samþykkt en fundargerð 240. stjórnarfundar verður tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála fór yfir helstu stærðir í rekstri RÚV í maí, en endanlegt uppgjör lá ekki fyrir stjórnarfundinn vegna tímasetningar fundarins. Ljóst sé að tekjur vegna auglýsingasölu voru 25 m.kr. yfir áætlun en rekstrargjöld voru nálægt því sem ráð var fyrir gert. Fjármagnsliðir voru um 30 m.kr. yfir áætlun vegna mikillar verðbólgu. Fram kom að gott útlit sé fyrir sölu auglýsinga á næstu mánuðum en áframhaldandi þrálát há verðbólga geti haft slæm áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Kynnt var staða fjárfestinga í rekstrarfjármunum eftir fimm mánuði ársins en þá hafði verið fjárfest fyrir 206 m.kr. af 499 m.kr. af heildarfjárfestingaáætlun ársins. Helstu þættir sem fjárfest hafi verið í séu dreifikerfið, hugbúnaður, ýmis tækjabúnaður og viðhald á húsnæði.

Þá var kynnt staðan í þróun fjölda starfsmanna og stöðugilda síðast liðin ársfjórðungs. Starfsmannafjöldi hafi staðið nokkuð í stað frá því að þeim var fækkað í lok árs 2020 þegar þjónustutekjur til RÚV voru lækkaðar mikið. Einnig var kynnt yfirlit um fjölda verktaka og áhrif árstíða- og viðburðatengdra sveiflna í fjölda verktaka.

Kaup af sjálfstæðum framleiðendum sé samkvæmt áætlun, en samkvæmt þjónustusamningi RÚV og menningarmálaráðuneytisins skal RÚV verja a.m.k. 12% af þjónustutekjum vegna útvarpsgjalds til kaupa á efni af sjálfstæðum framleiðendum.

3. Birgðapök

Samningsbundnir sýningarréttir í bókum RÚV eru 2.367 m.kr. en þeir hafa hækkað að undanförunum vegna breytinga á útboðum sýningarrétta á stórmótum í íþróttum. Lögð var fram tillaga um breytingar á hámarksviðmiðum sýningarrétta í birgðum. Samkvæmt tillögunni er lagt til að þak á birgðum af efni verði, annað en íþróttaeefni, 1.200 m.kr. en þak á birgðir af íþróttaeefni verði 1.400 m.kr., þ.e.a.s. ef RÚV kaupir sýningarrétt á Ólympíuleikum sem eru í útboði nú, en annars 1.300 m.kr. Birgðapök verði endurskoðuð í heild sinni fyrir 30. júní 2022. Stjórn samþykkti tillöguna.

4. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um nýlegan fund hans með menningar- og viðskiptaráðherra. Á fundinum kynnti útvarpsstjóri drög að nýrri stefnu RÚV 2022-2026 í samræmi við ákvæði þjónustusamnings. Einnig kynnti hann stöðu á vinnslu við tillögur um fyrirkomulag útvarpsöryggissendinga RÚV. Ráðherra sér fyrir sér að kynna tillögur RÚV þegar þær eru klárar fyrir ríkisstjórn í formi minnisblaðs. Þá ræddu þau önnur mál samkvæmt þjónustusamningi. Jafnframt var farið yfir mótun fjölmiðlastefnu innan

mt

SÖD:MM

DAR
SÖKT

Jó
MATT
ISB

ráðuneytisins. Útvarpsstjóri nefndi í því samhengi nýafstaðinn fund í ráðuneytinu þar sem hann var boðaður ásamt öðrum framkvæmdastjórum og fréttastjórum fjölmiðla hér á landi.

Útvarpsstjóri fór yfir árlegt mat Fjölmiðlanefndar á almannaþjónustuhlutverki fyrir árið 2020. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar er að RÚV hafi uppfyllt almannaðjónustuhlutverk fyrir árið 2020, skv. ítarlegu mati nefndarinnar og sé matið að finna inn á stjórnarvefgáttinni. Eitt mál sé til meðferðar hjá Fjölmiðlanefnd, kostun vegna Tónaflóðs um landið. Frummat liggja fyrir sem og afstaða RÚV.

Vinna við endurskoðun samnings RÚV og STEF hafi staðið yfir undanfarin misseri. Sátt sé um öll meginatriði önnur en greiðslur fyrir samningskvaðaleyfi skv. 1. mgr. 23. gr. höfundalaga. Að kröfu STEF var skipuð úrskurðarnefnd skv. 57. gr. höfundalaga til að fjalla um þann ágreining. Nefndin var skipuð 8. júní sl., skipuð þremur lögmonnum sem séu sérhæfðir á þessu sviði.

Útvarpsstjóri kynnti breytingar á framkvæmdastjórn, en Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri hafi tekið sæti í framkvæmdastjórn skv. ákvörðun útvarpsstjóra. Þetta sé liður í því að auka áherslu á mannauðsmál, jafnréttismál, fjölbreytileika o.fl. og til að undirbúa innleiðingu nýrrar stefnu.

Nýjar siðareglur hafu tekið gildi og séu nú aðgengilegar á heimasíðu RÚV. Unnið sé að ýmsum húsnæðismálum, stærstu verkefni sé utanhússviðgerðir, lokun þakklugga o.fl. en einnig sé unnið að breytingum innanhúss, m.a. á torgi.

5. Stefna RÚV 2022-2026

Ný stefna RÚV til næstu var lögð fram til samþykktar og var samþykkt einróma. Fram kom ánægja stjórnar með stefnunna og mikill áhugi sé á að fylgja henni enn frekar eftir þegar aðgerðaáætlun liggja fyrir. Ákveðið var að stjórn fái reglulega upplýsingar um stöðu og framvindu aðgerða við innleiðingu stefnunnar.

Útvarpsþing sé fyrirhugað 22. september næstkomandi þar sem nýja stefnan verði í forgrunni auk þess sem fengnir verði erlendir fyrirlesarar sem tala út frá helstu áherslupunktum nýrrar stefnu. Þá sé gert ráð fyrir lykilstarfsfólk fari um landið ásamt útvarpsstjóra og kynni stefnuna fyrir almenn ingi.

6. Starfsreglur og starfsáætlun stjórnar

Starfsreglur stjórnar voru teknar fyrir og var ákveðið að gera engar breytingar á reglunum. Starfsáætlun stjórnar var lögð fram til samþykktar. Var ákveðið að kynningar framkvæmdastjórnar fyrir stjórn yrðu fyrr á árinu.

7. Önnur mál

a. Skipun í netöryggisnefnd

Skipað var í netöryggisnefnd stjórnar og eiga þar sæti Mördur Áslaugarson, Aron Ólafsson og Nanna Kristín Tryggvadóttir.

b. Kostnaður og tekjur af stærri viðburðum á vegum RÚV

Stjórn óskaði eftir á síðasta stjórnarfundum upplýsingum um kostnað og tekjur af stærri viðburðum á vegum RÚV s.s. Söngvakeppnina, Eurovision og kosningaumfjöllunina vegna sveitastjórnarkosninganna í vor.

Framkvæmdastjóri fjármála fór yfir helstu tölur og var ákveðið að stjórnin fái enn nákvæmari fjárhagsupplýsingar um viðburðina á næsta stjórnarfundum í haust.

c. RÚV leigi aðstöðu til Viaplay

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner of the page, including the letters "MT" in blue ink and several other illegible signatures and initials.

Fyrirspurn kom hjá stjórnarmanni í tengslum við að RÚV sé að leigja út aðstöðu og tæki til Viaplay vegna sýninga á leiki þjóðadeildarinnar í knattspyrnu og hvort slíkt stæðist samkeppnislög. Var ákveðið að skrifstofustjóri myndi taka saman minnisblað og setja inn á stjórnarvefgáttina. Margrét minntist á í þessu samhengi að Samkeppniseftirlitið hafi hafið athugun vegna ábendinga GN Studios ehf. árið 2018 um að RÚV væri að leigja út aðstöðu og tæki til sjálfstæðrar framleiðslu. Var það niðurstaða eftirlitsins að ekki væru forsendur til þess að beita 14. gr. samkeppnislaga. Hins vegar var talið tilefni til þess að beina sérstökum tilmælum til RÚV.

Nama Kristín Þyggvadóttir
Ingvor S. Birgusson

Jón Óhlaun
Hafurkíllur fullkornloftur

Silja Þ. Gunnarsdóttir

Diljá Amundsdóttir
Loéga

Þráir Óskarsen

Óskarsen - séð

Taryst Þyggusel.